

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 16.1.2025

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Seinni greiðsla Lottó til Völsungs

Seinni Lottógreiðsla fyrir tímabilið júlí-deember barst Völsungi 7.1.2025. Seinni greiðslan hljóðaði uppá 1.801.276 og voru því lottótekjur ársins samtals 3.903.967.

Greiðslur frá UMFÍ og ÍSÍ breyttust í júlí og voru frá þeim mánuði í samræmi við nýjar úthlutunarreglur þessara sambanda. Hlutur HSB frá ÍSÍ hækkaði ögn frá því sem áður var því skerðing sem sambandið var með fyrir það að fá úthlutun frá bæði ÍSÍ og UMFÍ féll niður. Aftur á móti lækkaði hlutur HSB frá UMFÍ þar sem allir sambandsaðilar fá nú greitt lottó frá UMFÍ.

Lagt fram.

2. Ferðasjóður ÍSÍ

Umsóknafrestur í ferðasjóð ÍSÍ var mánudagurinn 13.janúar. Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar umsókn Völsungs fyrir hönd deilda félagsins. Gert er ráð fyrir að greitt verði úr sjóðnum um mánaðarmótin febrúar/mars.

Lagt fram.

3. Staða á vinnu íþrótta- og tómstundastefnu

Fyrir aðalstjórn liggja til kynningar gögn sem liggja fyrir verkefnastjórn í íþrótta- og tómstundamálum.

Aðalstjórn óskar eftir nánari útskýringum á matsatriðum.

4. Norðurþing hefur óskað eftir umsögn um aðalskipulag Norðurþings nr. 0538/2023

Í tölvupósti dagsettum 7.1.2025 óskaði Norðurþing eftir umsögn Völsungs um Aðalskipulag Norðurþings. Umsagnarfrestur er til og með 9.2.2025.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir umsögnum frá deildum félagsins.

5. Búningasamningur

Núverandi búningasamningur rennur út eftir sumarið 2025. Huga þarf að endurskoðun á núverandi samning.

Umræða verður tekin í samráði við deildir á komandi vikum.

6. **Félagsgjöld**

Félagsskírteinin verða rafræn og verður hægt að setja þau í veskið í símanum. Félagsgjöldin verða send í heimabankann í næstu viku.

Fundi slitið: 18:25